



Stúdentafélag
Háskólans í Reykjavík

Ársskýrsla 2018-2019

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík | The Student Association of Reykjavík University
Háskólinn í Reykjavík | University of Reykjavík
Menntavegur 1, 101 Reykjavík
www.sfhr.is
studentafelag@ru.is
kt. 540305-0800

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
ÁVARP FORMANNS	5
HLUTVERK SFHR	6
STJÓRN STÚDENTAFÉLAGSINS SKÓLAÁRÍÐ 2018-2019	7
ÁHERSLUR	10
FRAMKVÆMDARSTJÓRN SFHR 2017-2018	11
RÁÐ OG STJÓRNIR	12
FRAMKVÆMDASTJÓRN HR	12
HÁSKÓLARÁÐ HR.....	12
NÁMSRÁÐ.....	12
BYGGINGAFÉLAG NÁMSMANNA (BN)	12
LANDSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA (LIS).....	12
STJÓRN LIN	13
HÁSKÓLAGARÐAR.....	14
BRAGGINN	14
SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA Í HR.....	14
NEFNDIR	16
ALÞJÓÐANEFND	16
ARSHÁTÍÐARNEFND	16
BIRTA	16
GÓÐGERÐARNEFND	17
HÁSKÓLABLAÐIÐ	17
JAFNRÉTTISFÉLAG	17
LAGABREYTINGANEFND	18
NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND	18
VIÐBURÐARNEFND	18
VIÐBURÐIR	19
NÝNEMADAGAR	19
OLYMPÍULEIKAR	19
ARSHÁTÍÐ HR.....	19
STJÓRNARSTEFNUMÓTANIR.....	19
LANDSPING LIS	20
STYRKTAÐILAR/SAMSTARFSADILAR	20
ÍSLANDSBANKI	20
SÍMINN & ÞRENNNA	20
TÉKKLAND	20
LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA - LIN	21
HEIMKAUP.....	21
DOMINOS.....	21
SAMFÉLAGSMÍÐLAR	22
FACEBOOK.....	22
INSTAGRAM.....	22
SNAPCHAT	22

HEIMASÍÐA.....	22
TÖLVUPÓSTUR	22
ÖNNUR VERKEFNI	22
SÍMINNPAY NEMENDAKORT	22
INNLEIÐING PRÓFNÚMERA Í ALLAR DEILDIR.....	23
HUGMYNDAKASSI	23
AÐSTAÐA Á BÓKASAFNI.....	23

Inngangur

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í mars 2018. Stjórnarmeðlimir voru Eygló María Björnsdóttir, formaður, Guðný Björg Barkardóttir, varaformaður, Hinrik Helgason, gjaldkeri, Brynja Birgisdóttir, upplýsingafulltrúi og Ketill Antoníus Ágústsson, hagsmunafulltrúi en meðlimirnir buðu sig fram í einstaklings kosningum.

Þessi ársskýrsla gerir grein fyrir helstu verkefnum og störfum fyrir starfsárið en athuga verður að skýrslan er ekki tæmandi yfir alla viðburði starfsársins.

Fyrir hönd Stúdentafélagsins þetta árið vil ég skila þakkarkveðjum og óskum öllum nemendum góðs gengis í áframhaldandi vexti í félags- og hagsmunamálum innan og utan skólans. Við lögðum okkur vel fram við að bæta hagsmuni stúdenta og vonum að komandi stjórnir muni halda því góðverki áfram.

Eygló María Björnsdóttir

Formaður SFHR 2018-2019

Ávarp formanns



Á þessu líðandi starfsári hef ég lært ótal mikið sem formaður Stúdentafélagsins og þá sérstaklega hversu mikilvægt það er að hlusta á þarfir nemenda. Hér í Háskólanum í Reykjavík er hlustað vel á okkar óskir og vil ég þakka þeim starfsmönnum sem hafa tekið vel í okkar hugmyndir að umbótum og styrkt okkar mál. Það er gaman að sjá hversu virkir nemendur eru að segja sínar skoðanir, biðja um umbætur og koma með hugmyndir til að bæta skólann.

Þegar núverandi stjórn tók við náðum við strax vel saman og vorum spennt að takast á við þau krefjandi verkefni sem láu fyrir okkur. Allir stjórnarmeðlimir voru mjög metnaðarfullir við sín störf og voru óhrædd við að biðja um aðstoð ef þess krafðist. Það hefur verið algjör heiður að vinna með þessu flotta fólki og verður sárt að skilja við þau.

Okkar helsta baráttumál þetta skólaárið var að takast á við þær breytingar sem þurftu að eiga sér stað vegna nýrra persónuverndar laga og við skoðun kom í ljós að margt mætti bæta. Háskólinn mun bráðlega vera tekinn í gæðaúttekt og viljum við sem nemendur að sjálfsögðu standa við þá GDPR staðla sem teknir verða tillits til.

Þar að auki vildum við gæta þess að hlutlaust mat ætti sér stað innan veggja skólans en það er eitthvað sem aðeins sumar deildir krefjast. Eftir umræðu við starfsmenn og nemendur skólans báðum við um að prófnúmer verði notuð í öllum deildum. Okkur til mikillar ánægju var það samþykkt af framkvæmdastjórn HR og mun sú vinna hefjast að fullu við lok þessa skólaárs.

Þetta starfsár hefur verið viðburðarmikið en fyrsta skóflustungan við nýja Háskólagarða átti sér stað og gleður það okkur í stjórn SFHR að vinnan sé hafin. Framkvæmdir fóru fljótt af stað og stefna framkvæmdir á görðunum að klárast samkvæmt áæltun. Hlökkum við til að fylgjast með þróun á þeim og óskum öllum stúdentum til hamingju með þennan áfanga.

Að lokum vil ég þakka þeim starfsmönnum skólans sem hafa aðstoðað okkur yfir starfsárið og þá sérstaklega Ara Kristinn Jónsson, rektor HR, sem tók vel á móti okkur við upphaf starfsársins og hefur verið reiðubúinn við að koma til móts við óskum stúdentna.

Hlutverk SFHR

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, SFHR, er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. SFHR ber að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, stuðla að akademískri umræðu meðal félagsmanna og auka samheldni milli deilda. Allir sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík eru meðlimir í félaginu og eru engin félagsgjöld. Stjórnarmeðlimir SFHR eru tengiliðir milli nemenda og stjórnenda skólans þar sem unnið er náið saman að uppbyggingu gæðamála í kennslu, aðstöðu nemenda og fleira. Fulltrúi SFHR situr í flestum ráðum og stjórnunum skólans og er þar með rödd stúdenta.

Stjórn Stúdentafélagsins er skipuð fimm stúdentum úr grunn- eða framhaldsnámi við Háskólann í Reykjavík. Formaður stjórnar fundum og kemur fram fyrir hönd Stúdentafélagsins bæði innan skóla og utan auk þess að hafa yfirumsjón með starfsemi á vegum félagsins og ber hann endanlega ábyrgð á málefnum þess. Formaður situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og situr einnig fundi Háskólaráðs. Varaformaður ritar fundargerðir stjórnarfundna, er formaður alþjóðanefndar SFHR og tengiliður stjórnar við erlenda nemendur innan skólans auk Alþjóðaskrifstofu skólans. Varaformaður sér um helstu samskipti við framkvæmdastjórn Stúdentafélagsins, nefndir Stúdentafélagsins og fulltrúa félagsins í framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta. Gjaldkeri hefur umsjón með fjárráðum SFHR og útbýr fjárhagsáætlun félagsins. Hagsmunafulltrúi vinnur að hagsmunamálum nemenda og gæðamálum náms. Einnig vinnur hann með hagsmunafulltrúum nemendafélaganna, hefur umsjón með fyrirspurnum nemenda um LÍN og ber ábyrgð að uppfylla skyldur samkvæmt þjónustusamningi sem er gerður við LÍN hvert ár. Hagsmunafulltrúi ber ábyrgð á endurskoðun laga Stúdentafélagsins. Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á öllum samfélagsmiðlum og öllu útgefnu efni félagsins. Hann vinnur náið með nemendafélögum skólans til þess að tryggja gott upplýsingaflæði og svo að hægt sé að upplýsa nemendur sem best hverju sinni.

Nemendafélög Háskólans í Reykjavík eru sex hjá grunnnemum og þrjú hjá framhaldsnemum. Formaður hvers félags situr í framkvæmdarstjórn SFHR og er þannig tryggt samvinnu nemenda allra deilda og að nemendafélögin hafa áhrif á viðburði og ákvarðanir SFHR.

SFHR er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í stofu M205. Stúdentafélagið heldur úti heimasíðunni www.sfhr.is, er með Facebook like-síðu undur nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík og er einnig með netfang, studentafelag@ru.is, þar sem öllum fyrirspurnum er svarað. Nemendur eru eindregið hvattir til þess að senda hvers kyns ábendingar eða spurningar á SFHR en alltaf er reynt að svara eftir bestu getu.

Stjórn Stúdentafélagsins skólaárið 2018-2019

Formaður



Eygló María Björnsdóttir
eyglo16@ru.is
8521418

Varaformaður



Guðný Björg Barkardóttir
gudnyb16@ru.is
659-9151

Gjaldkeri



Hinrik Helgason
hinrikhel16@ru.is
6167725

Upplýsingafulltrúi



Brynja Birgisdóttir
brynjabir16@ru.is
894-4615

Hagsmunafulltrúi



Ketill Antoníus Ágústsson

ketill16@ru.is

867-3584

Áherslur

Stjórn SFHR setti sér nokkrar áherslur þetta árið og var þá notkun prófnúmera sem var þar helst í forgangi. Á fyrsta fundi með framkvæmdastjórn SFHR var málið tekið til umræðu og voru allir viðstaddir sammála um að þetta væri málefni sem ætti að taka upp. Margar ástæður lágu þar á bak við en þó helst að þáverandi verklag í verkefnaskilum brutu skýrt á persónuverndarlögum gagnvart nemendum. Eftir þónokkra fundi með nemendum og kennslusviði var ákveðið að taka umræðuna á framkvæmdastjórnarfundum HR þar sem beiðni okkar var samþykkt. Þetta eru að sjálfsögðu virkilega jákvæðar fréttir og erum við stolt að hafa tekið frumkvæði í þessu máli.

Við settum okkur einnig markmið að bæta samskipti við starfsmenn og vorum við dugleg að hafa samband við viðeigandi starfsmann í hvert skipti sem þess þurfti. Starfsmenn HR tóku vel í það og voru þar af leiðandi einnig virk að hafa samband við okkur ef eitthvað mikilvægt stóð á.

Upplýsingaflæði á milli Stúdentafélagsins og aðildarféлага var ágætt og bættist verulega eftir því sem leið á starfsárið. Við tókum nokkra ‘opna’ fundi þar sem öllum stjórnar- og nefnarmeðlimum var frjálst að mæta og ræða málefni eða spyrja okkur ef eitthvað var óljóst. Við mælum sérstaklega með því að komandi stjórnir taki þennan vana upp og haldi reglulega opna fundi með hópnum. Þar að auki stofnaði félagið að sjálfsögðu facebook hóp fyrir alla nemendur í félagsstörfum eins og fyrrum stjórnir hafa gert.

Við höldum áfram að bæta sýnileika okkar, þá bæði innan og utan veggja skólans og að vera dugleg að bæta upplýsingaflæði á samfélagsmiðlum okkar. Við lögðum áherslu að allar upplýsingar sem komu frá okkur væru bæði á íslensku og ensku svo að erlendir nemendur gætu fylgst með. Af þeim samfélagsmiðlum sem við notum var Facebook mest notað en þar náum við til flestra nemenda. Það væri virkilega sniðugt fyrir komandi stjórn að einnig fá að deila upplýsingum á Canvas kennslukerfinu.

Við höldum áfram að halda kaffihádegi þar sem við tókum á móti spurningum og ræddum við nemendur um málefni innan skólans. Hugmyndakassinn stóð í sólinni nokkrum sinnum yfir árið og voru ótal hugmyndir að umbótum frá nemendum sem við skiluðum til viðeigandi aðila. Við veittum upplýsingar um Lánasjóð Íslenskra Námsmanna samkvæmt samningi okkar við sjóðinn og minntum nemendur á mikilvægar dagsetningar tengdar umsóknarfresti.

Almennt erum við mjög stolt af því sem afrekað var á okkar stjórnartíð og hlökkum til að nýta þá reynslu sem við fengum á lífsleiðinni. Við skiljum við okkar verkefni með von um að næsta stjórn muni taka við keflinu og hlökkum til að fréttast af nýjum umbótum og áherslum þeirra.

Framkvæmdarstjórn SFHR 2017-2018

Framkvæmdarstjórn SFHR skólaárið 2017-2018 voru eftirfarandi aðilar:

- Eygló María Björnsdóttir, formaður SFHR
- Guðný Björg Barkardóttir, varaformaður SFHR
- Hinrik Helgason, gjaldkeri SFHR
- Brynja Birgisdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR
- Ketill Antoníus Ágústsson, hagsmunafulltrúi SFHR
- Ingvi Þór Marinósson, formaður Atlas
- María Ellen Steingrímsdóttir, formaður Lögrétta
- Jóhann Ari Sigfússon, formaður Markaðsráðs
- Freyja Hlín Valgeirsdóttir, formaður Mentés
- Stella Dögg Blöndal, formaður Pragma
- Guðrún Sara Örnólfsson, formaður Tvíundar

Eygló María, formaður SFHR, stjórnaði fundum Framkvæmdarstjórnar SFHR og upplýsti fulltrúa nemendafélagsins um þau málefni sem voru í gangi hverju sinni. Sameiginlegir viðburðir SFHR og nemendafélaganna voru skipulagðir á framkvæmdarstjórnarfundum. Nemendafélögin aðstoðuðu SFHR að kynna verkefni fyrir öllum nemendum og taka þátt í að skipuleggja og halda utan um viðburði. Fyrir utan fundina fór einnig mikið af samskiptum Framkvæmdastjórnar SFHR fram á lokuðum Facebook hóp.

Þegar nokkuð var liðið á skólaárið var ákveðið að fá fulltrúa þeirra nýstofnuðu nemendafélaga, sem eru ætluð mastersnemum, í Framkvæmdastjórnina. Þeim var bætt í Facebook síðu stjórnarinnar en mættu því miður aldrei á skipulagða fundi, en það mun vonandi breytast á komandi árum og þátttaka þeirra í Framkvæmdastjórn eflast.

Ráð og stjórnir

Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor skólans, framkvæmdastjóri tengsla, deildarforsetar allra deilda skólans, fulltrúi námsráðs, fulltrúi rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri upplýsinga-tæknisviðs, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða og mannauðsstjóri skólans. Þá situr formaður SFHR í Framkvæmdastjórn HR sem fulltrúi nemenda. Á borð framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða HR og tekur stjórn alltaf lokaákvörðun á öllum stærstu málefnum allra stoðsviða háskólans. //dæmi um mál sem komið hafa á borð stjórnarinnar- nefna að formaður sitji hér

Háskólaráð HR

Í Háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, auk tengsla háskólans og atvinnulífsins. Formaður SFHR, hefur áheyrnasæti í háskólaráði auk allra deildarforseta skólans. Öll stjórnin mætti á einn fund með ráðinu þetta skólaárið og gekk það vonum framar, en almennt er aðeins formaður SFHR sem situr fundinn.

Námsráð

Námsráð gegnir mikilvægu hlutverki í gæðastarfi HR og hefur það hlutverk að fjalla um málefni er tengjast kennslu og námi, bæði í grunn- og framhaldsnámi út frá almennum náms- og námsmatsreglum. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda ásamt einum fullrúa nemenda, sem þetta skólaárið var Guðný Björg Barkardóttir, varformaður SFHR. Nýr formaður Námsráðs tók við störfum á þessu skólaári, Hafrún Kristjánsdóttir en formaður ráðsins er skipaður af rektor. Ráðið heyrir beint undir rektor og situr formaður í framkvæmdastjórn háskólans. Námsráð mótar kennslustefnu HR og fylgist með framþróun hennar. Í því felst m.a. að hvetja til og styðja góða og framsækna kennsluhætti.

Nýjar náms- og námsmatsreglur tóku gildi á haustönn 2018.

Byggingafélag námsmanna (BN)

Byggingafélag námsmanna annast rekstur, útleigu og viðhald stúdentaíbúða í eigu félagsins og er SFHR aðildarfélag að BN. Hin þrjú aðildarfélög BN eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn. Annar hver formaður SFHR situr í stjórn félagsins, því hver og einn fulltrúi situr í tvö ár. Því situr Eygló María Björnsdóttir, formaður SFHR, í stjórninni til tveggja ára. Varamaður stjórnar BN var Auður Erna Pétursdóttir.

Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

SFHR á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍs, en á starfsárinu sem er að líða voru fulltrúar Stúdentafélagsins þau Eygló María Björnsdóttir og Ketill Antoníus Ágústsson. Varamenn voru þau Hinrik Helgason, gjaldkeri SFHR, og Brynja Birgisdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR.

Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 sem hagsmunasamtök allra íslenskra stúdenta og regnhlífasamtök allra átta hagsmunasamtaka íslenskra háskólanema en þetta árið urði samtökin 5 ára gömul. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlandis sem og hagsmuni íslenskra háskólanema á alþjóðavettvangi. Um leið eiga samtökin að skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, vera þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi háskólanema og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Samtökin geta í sameiginlegu umboði allra aðildarfélaga farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum. Landsþing LÍS var haldið á Bifröst, helgina 28-31. mars en SHÍ sá um skipulagninu þess og var undirskriftin „Sjálfbærni og háskólasamfélagið: Hver er okkar samfélagslega ábyrgð? ”.

Jafnréttisnefnd LÍS tók að sér spennandi verkefni á síðasta starfsári að koma á fót gagnagrunni á internetinu um réttindi og úrræði stúdenta innan Háskóla Íslands með fatlanir og sértæka námsörðugleika. Sá vefur eru uppi í dag undir nafninu Réttinda-Ronja. Jafnréttisnefndin sér til þess að Réttinda- Ronja hljóti viðbætur svo að hún nýtist öllum stúdentum sem glíma við fatlanir af einhverju tagi sem og sértæka námsörðugleika á Íslandi. Gagnagrunnur sem þessi á sér enga hliðstæðu hér á landi en hann mun leiða til töluverðra umbóta á aðgengi stúdenta að upplýsingum um réttindi sín og úrræði. Jafnréttisnefnd LÍS hefur komið af stað starfshóp skipuð af sjálfböðaliðum til að afla gagna og upplýsinga fyrir leiðavísi verkefnisins og að setja upp handbók sem nýtist við uppbyggingu vefsíðunnar.

LÍS hélt gæðaráðstefnu þann 13. Október sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík en hún bar titilinn „Hágæði í háskólum og nærumhverfi stúdenta, eða hvað?“. Tilgangur ráðstefnunnar var að gera gæðamál, og ýmis önnur málefni er varða stúdenta, aðgengilegri fyrir alla þá sem þau varða.

LÍS tók að sér að skipuleggja loftslagsverkföll í samstarfi við Samband íslenskra framhaldsskólanema og unga umhverfissinna. Verkfallið hófst þann 22. febrúar 2019 og hefur verið haldið á hverjum föstudegi síðan þá. Verkfallið hófst sem innblástur af hinni sænsku Gretu Thunberg, en skólaverkfall hennar hefur vakið mikla athygli. Er tilgangur verkfallsins á Íslandi að styðja við stjórnvöld sem settu sér aðgerðaráætlun í lofstlagsmálum til ársins 2030.

Heimasíða samtakanna er www.haskolanemar.is og hafa allir stúdentar tækifæri á að sækja um að vera í nefndum samtakanna.

Stjórn LÍN

Formaður, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis og fulltrúar námsmannahreyfinganna SÍNE, SHÍ, BÍSN og SÍF skipta stjórn LÍN. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og einn fulltrúa ráðuneytisins. Þá skipar fjármála- og efnahagsráðuneytið einn fulltrúa. Rebekka Rún Jóhannesdóttir hefur setið í stjórninni fyrir hönd BÍSN frá árinu 2017 til 2019 en Rebekka var formaður SFHR 2016- 2017. Tveir fulltrúar voru tilnefndir í ráðið þann 26. Apríl 2019 en þau voru Erna Leifsdóttir, mastersnemi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og Teitur Erlingsson sem útskrifaðist úr Háskólanum á Bifröst haustið 2018.

Háskólagarðar

Áætlað var að reisa rúmlega 300 stúdentaíbúðir á svæðinu við rætur Öskjuhlíðar, austan megin við Nauthólsveg. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að byggja 112 íbúðir og er stefnt að því að jarðvinnuframkvæmdir hefjist seinna á árinu. Framkvæmdir áttu að hefjast haustið 2017 en seinka þurfti framkvæmdum um einhverja mánuði. Þessar íbúðir verða í eigu sjálfseignarstofnunar sem HR hefur stofnað og verða eingöngu í boði fyrir nemendur og starfsmenn HR. Þetta verður mikilvægur valkostur til viðbótar við þær 470 íbúðir í eigu BN og þær 300 sem þeir ætla að byggja á næstu árum.

Fyrsta skóflustungan við Háskólagarðanna var tekin á þann 20. September 2019 en Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðgjafi, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur og Eygló María Björnsdóttir, formaður SFHR tóku fyrstu skóflustunguna á athöfninni. Háskólagarðarnir eru komnir langt á leið og er grunnurinn í vinnslu. Allt er að ganga samkvæmt áætlun og stjórn SFHR spennt að sjá lokaútkomuna.

Bragginn

Fulltrúar nemenda sem sátu í vinnuhópi fyrir Braggann og Nýsköpunarsetur HR voru Sonja Björg, formaður SFHR 2017-2018 og Emil Robert, varaformaður SFHR 2017-2018.

Hópurinn fundaði nokkrum sinnum yfir starfsárið 2017-2018 með Hákonni, Ingunni Svölu og Daða sem er rekstraraðili Braggans ásamt arkitektum. Á þeim fundum fengum við nemendur að segja hvað það væri sem við vildum vilja sjá, bæði er varðar innanhús hönnunina og hvers konar matvæli og drykkir verða til sölu í Bragganum.

Bragginn opnaði í júní 2018 en hann er félagsaðstaða nemenda við HR, veitingaþjónusta og frumkvöðla- og nýsköpunarsetur. Bragginn er staddur við baðströnd Nauthólsvíkur og er húsnæðið í heild um 450 fermetrar. Húsnæðið er hluti af stríðsminjasögu Reykjavíkur og var reist af Bretum í seinni heimstyrjöldinni.

Frumkvöðla og nýsköpunarsetrið er í skemmunni við hliðina á bragganum með aðstöðu fyrir allt að 40 nemendur HR og sprotafyrirtæki sem tengjast kennslu- og rannsóknarstarfsemi skólans. Þar að auki verður fundar- og fyrirlestraraðstaða fyrir 30 manns sem gæti nýst fyrir fundi og minni veislur. Sú aðstaða opnaði þann 8. mars 2019 og opnaði fyrir umsóknarferlið stuttu þar á eftir.

Sálfræðiþjónusta í HR

Eins og áður hefur komið fram var eitt af helstu áherslumálum stjórnar SFHR 2017-2018 að fá sálfræðiþjónustu í HR. Einhvers konar þjónusta af því tagi hafði verið til staðar í HÍ þó það væri ábótavant en aldrei hefði verið hægt að sækja slíka þjónustu í HR. Stjórn SFHR 2017-2018 ýtti á stjórnendur skólans og var ákveðið að finna góða lausn í samráði við sálfræðideildar HR. Þau í sálfræði deildinni unnu mjög hratt og höfðu sjálf hugsað hvaða lausn gæti verið í boði fyrir nemendur svo verkefnið fór mjög hratt af stað og var loks kynnt í geðheilbrigðisviku HR. Í þeirri viku voru einnig kynntar niðurstöður rannsóknar þar sem kom fram að um þriðjungur háskólanema í þremur stærstu háskólum landsins, þar með talið HR eru með einkenni þunglyndis. Það var því komin mikil þörf fyrir þessa þjónustu.

Mikil aðsókn hefur verið að sálfræðipjónustunni frá því að hún var kynnt á síðasta skólaári og eru nemendur almennt mjög ánægðir með hana. Við vonum að hún muni koma vel til nota fyrir núverandi og komandi nemendur HR.

Nefndir

Alþjóðanefnd

Í lögum SFHR er ákvæði þar sem fram kemur að stofna þurfi alþjóðanefnd hvert skólaár og varaformaður SFHR hefur yfirumsjón með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að gæta hagsmuna erlendra nemenda við HR og vera tengiliður erlendra nemenda við SFHR og þar af leiðandi við stjórnendur skólans. Einnig á nefndin að sjá um að skipuleggja viðburði og ferðir fyrir erlenda nemendur og HR-buddies á vegum alþjóðaskrifstofunnar, tryggja að allir viðburðir skólans séu aðgengilegir fyrir erlenda nemendur auk þess að koma með umbætur á samskiptum HR og íslenskra nemenda við erlendu nemendurna.

Árshátíðarnefnd

Árshátíðarnefnd SFHR sér um að skipuleggja stærsta viðburð skólaársins, árshátíð HR. Á þessum glæsilega viðburði koma nemendur saman og njóta borðhalds, skemmtiatriða og HR musical, söngvakeppni skólans. Störf nefndarinnar eru að skipuleggja árshátíðina frá A-Ö, þar sem að á hverju ári kemur ný nefnd að nánast tómu borði. Það er að mörgu að huga þegar þarf að skipuleggja árshátíð en þeir helstu eru að ákveða staðsetningu fyrir samkvæmið, útvega skemmtiatriði, skreytingar og veisluþjónustu.

Nefndin hóf störf í október 2018 og fundaði reglulega. Hinrik Helgasson, gjaldkeri SFHR og Brynja Birgisdóttir upplýsingafulltrúi voru tengiliðir árshátíðarnefndar og stjórna SFHR og hjálpuðu til við skipulagningu árshátíðarinnar.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Jóhanna Kristín Sigurðardóttir - formaður árshátíðarnefndar
- Harpa Eir Þorleifsdóttir
- Hlynur Már Heimisson
- Eva Kristín Sigurðardóttir
- Ninoslav Vujisic

Birta

Birta er félag nema í HR um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Birta var stofnuð árið 2015 með það markmið að vera ópólitískur umræðuvettvangur um þátttöku nemenda í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni. Nefndin var ekki mjög virk á haustönn en með tilkomu Kjartans sem sér um að innleiða PRME í HR þá var ákveðið að setja af stað mjög spennandi verkefni tengt samfélagslegri ábyrgð sem Birta sér að miklu leyti um.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Hjördís Sveinsdóttir
- Jóhanna Wium
- Ninoslav Vujisic
- Eva Kristín Sigurðardóttir
- Pheobe Sóley Sands

Góðgerðarnefnd

Ekki bárust nein framboð í Góðgerðarnefnd þetta árið og því var ákveðið að SFHR myndi halda Góðgerðardaginn þann 7. mars. Nefndin ákvað að styrkja Kraft, félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Félagið kom í sólina og var með sölubás og perlur. Perluð voru 63 armbönd fyrir félagið sem gefur möguleika á sölu fyrir 123 þúsund, en varningur seldist fyrir 107 þúsund. GastroTruck var einnig á staðnum fyrir utan aðalinngang skólans, en 15% af tekjum þeirra runnu til félagsins. Tekjur Gastro Truck sem runnu til Krafts voru 20.022 kr.

Eftirfarandi aðilar komur að skipulagningu dagsins;

- Stjórn SFHR
- Viðburðarnefnd
- Katla Marín Stefánsdóttir

Háskólablaðið

Háskólablaðið er gefið út einu sinni á ári. Haustið 2018 opnaði ný vefútgáfa blaðsins þar sem birtar eru greinar frá nemendum skólans og öðrum áhugaverðum einstaklingum tengdum háskólalífi, heimasíðan er www.haskolabladid.is. Ritstjórn Hróðurs skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Ariel Jóhann Árnason
- Geir Sigurður Gíslason
- Ásdís Guðný Pétursdóttir
- Ástrós Steingrínisdóttir
- Helga Hrafnisdóttir

Jafnréttisfélag

Jafnréttisfélag Háskólans í Reykjavík var formlega stofnað þann 5. október 2015 en þá var löngu orði tímabært að stofna slíkt félag. Markmið stjórnar félagsins er að stuðla að vitundarvakningu meðal nemenda skólans um mismunum af hvaða toga sem er með því að standa fyrir ýmsum viðburðum innan skólans, t.d. fyrirlestrum og þemaviku. Jafnréttisfélagið boðar jöfnuð fyrir alla, óháð kyni, kynhneigð, uppruna, heilbrigði eða trú.

Félagið sat í dagskrárhópi Kvennafrídagsins og skipulagði dagskrá sem fram fór á Austurvelli 24. október 2018. Félagið vann yfir skólaárið að ýmsum atriðum hvað varðar jafnrétti innan háskólasamfélagsins. Jafnréttisdagur háskólanna var haldinn með málþingi um innflytjendur og háskólamenntun, sem fram fór í Háskóla Íslands. Dagskránni var streymt í beinni útsendingu í stofu M209 í HR. Nefndin tók þátt í deginum Wiki4women þar sem brugðist var við ákalli UNESCO og Wikimedia Foundation að stuðla að betri kynningu og umfjöllun um konur á upplýsingasíðum.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Gunnar Snær Ragnarsson , formaður
- Ingibjörg Aldís Hilmisdóttir

- Elva Björg Elvarsdóttir
- Guðný Björg Barkardóttir, tengiliður SFHR

Lagabreytinganefnd

Lagabreytingarnefnd gerði töluvert minni breytingar en vonast var til á lögum félagsins í ár. En fram fór góð undirbúningsvinna fyrir næsta ár. Tekinn var fundur með forsvarsmönnum nemendafélaganna og lögfræðinga skólans varðandi hvernig mætti móta sterkara verklag í kringum hverskyns kynbundna og kynferðislega áreitni eða áreiti sem nemendur gætu orðið fyrir. Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Ketill Antoníus Ágústsson, hagsmunafulltrúi SFHR
- Hólmfríður Katrín Kjartansdóttir, Lögrétta
- Bjarki Már Magnússon
- Tinna Rán
- Björg Ósk G.

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHFR var sett á laggirnar í samstarfi við Icelandic Startups frumkvöðlasetur haustið 2015. Markmið nefndarinnar er að hvetja til nýsköpunar- og frumkvöðlahugsunar hjá nemendum skólans og opna augu þeirra fyrir þeim tækifærum sem felast í því að fara út í eigin rekstur að námi loknu.

Nefndin starfar náið með Icelandic Startups í gegnum fjölbreytt verkefni á þeirra vegum og er þeim alltaf innan handar. Í ár sátu meðlimir nefndarinnar í verkefnastjórn Gulleggsins og unnu náið með Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ. Nefndin tók einnig þátt í myndun frumkvöðlasetursins sem opnað var 8. mars. Mikil eftirspurn var eftir því að vera í nefndinni í ár og voru fleiri sem sóttu um en komust að.

Nefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Stella Dögg Blöndal
- Serge David
- Ninoslav Vujisic
- Anton Björn Sigmarsson
- Lís Rán Arnórsdóttir
- Vala Rún Magnúsdóttir

Viðburðarnefnd

Viðburðarnefnd kom að skipulagningu stjórnarstefnumótana sem og þeirra viðburða sem SFHR skipuleggur svo sem fjölskyldudag SFHR.

Viðburðanefnd skipuðu:

- Agnar Þór Bjartmarz

- Tinna Rán Sverrisdóttir

Viðburðir

Nýnemadagar

Á þessu skólaári var ákveðið að sameina nýnemadag íslenskra nemenda og erlendra skiptinema. Voru þá allar ræður og kynningar haldnar á íslensku og ensku. Á nýnemadeginum voru öll nemendafélög viðstödd ásamt SFHR til að kynna nýjum nemendum fyrir þeim félagsstörfum sem eru í boði innan skólans. Líkt og á fyrri árum voru tvær deildir fyrir hádegi og tvær eftir hádegi og voru Ari rektor og Eygló María, formaður SFHR, með erindi í hádeginu svo að allir hópar væru á staðnum til að heyra ávörpin. Lang flestir nemendur voru mjög ánægðir með fyrirkomulagið og fannst það ganga enn betur en í fyrra en þó má að sjálfsögðu betur fara og betrumbæta á milli ára.

Mentorar sáu um að kynna erlendum nemendum skólann en í nýnemavikunni bauð SFHR nýjum skiptinemum í laser tag þar sem þau gátu kynnst hvort öðru og stjórn stúdentafélagsins.

Á vorönn var svo haldinn nýnemadagur fyrir erlenda skiptinema þar sem samskonar fyrirkomulag átti sér stað, þá voru engir íslenskir nemendur innritaðir.

Ólympíuleikar

Ólympíuleikar HR 2018 voru haldnir daganna 17. - 21. September. En það er keppni á milli nemendafélaga í ýmsum þrautum, svo sem kappáti, þrautabraut, sjómanni, stinger, borðtennis og fleiru. Þetta árið vann Tvíund. Voru leikirnir skipulagðir af nemendafélögunum með aðstoð SFHR.

Árshátíð HR

Árshátíð HR var haldin þann 2. Mars í Valsheimilínu og gekk hún prýðilega. 815 manns mættu á árshátíðina og voru nemendur almennt mjög ánægðir með útkomuna. Fordrykkir þetta árið voru frá MyCoctail sem fólk tók vel í. Fólk sötraði á fordrykk þar til því var hleypt inn í salinn og var það veislustjóri Logi Bergmann sem sló á léttu strengi og hélt uppi góðri stemmingu. Önnur skemmtiatriði sem voru í gangi á meðan maturinn kláraðist og þar til ballið myndi taka við voru söngkonurnar Bríet og Sigga Ósk. Eftir þeim komu fram Sprite Zero Klan og Jói Pjé og Króli sem vöktu mikla lukku. DJ Dóra Júlía lauk síðan kvöldinu með sinni framkomu. HR Musical heppnaðist vel og sigrðuðu Markaðsráð í ár með vel útpældu og flottu framlagi.

Stjórnarstefnumótanir

Haldnar voru þrjár stjórnarstefnumótanir þetta starfsár en þar er öllum stjórnnum og nefndum SFHR boðið og er ætlunin að kynnast betur og bæta samstarf stúdentafulltrúa.

Landsþing LÍS

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), hefur verið haldið einu sinni á ári síðan félagið var stofnað. Á Landsþingum koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og unnin er mikilvæg vinna fyrir innra sem ytra starf LÍS. Þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélagsins, enda gríðarlega mikilvægt að hafa eina sameiginlega, sterka rödd fyrir alla íslenska stúdenta. Í lok hvers þings er mynduð stefna fyrir samtökin sem er í takt við yfirskrift hvers þings. SFHR á sjö þingfullrúa á landsþingi.

Landsþing LÍS fór fram dagana 28-31. mars á Bifröst. Yfirskrift þingsins var „Samfélagsleg ábyrgð“.

Þingfulltrúar SFHR á Landsþingi voru 9 talsins:

- Eygló María Björnsdóttir, formaður SFHR
- Ketill Antoníus ágústsson, hagsmunafulltrúi SFHR
- Leó Snær Emilsson, kjörinn formaður SFHR 2019-2020
- Hjördís Sveinsdóttir
- Eva Kristín Sigurðardóttir
- Pheobe Sóley Sands
- Áslaug María Agnarsdóttir
- Brynja Birgisdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR

Styrktaraðilar/Samstarfsaðilar

Íslandsbanki

Gerður var áframhaldandi samningur við Íslandsbanka þar sem ákvörðun var tekin að hækka styrktarupphæðina úr 175 þúsund kr., sem hafði verið upphæð fyrri ára, upp í 200 þúsund kr. vegna aukinnar fjölgunar stúdenta í HR.

Íslandsbanki bauð einnig til vísindaferðar á vorönn en ekki gafst tími til að nýta hana þar sem fyrirvari var stuttur og sætafjöldi lítill.

Síminn & Þrenna

SFHR hélt áfram samstarfi við Símann og var lögð áhersla á að kynna Símann Pay fyrir nemendum. Stofnuð var greiðslugátt skv. samningi hjá Valitor og gátu nemendur greitt inn á árshátíðina í gegnum Pay. Þrenna tók einnig þátt í árshátíðinni með því að borga hlut í kostnað DJ Dóru Júlíu sem kom og spilaði undir lok viðburðarins.

Einnig var haldin vel heppnuð vísindaferð í Símanum á vorönn.

Tékkland

Gerður var samningur við Tékkland þar sem Tékkland buðu upp á afslátt fyrir nemendur í skoðun á bifreið.

Lánasjóður íslenskra námsmanna - LÍN

Haustið 2015 skrifaði stjórn SFHR undir þjónustusamning við LÍN, en það var í fyrsta sinn sem slíkur samningur var gerður við LÍN í þágu félagsmanna SFHR. Stjórn SFHR 2016- 2017 gerði nýjan samning við LÍN og bauð m.a. upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu félagsins, M205. Þessi þjónustusamningur var endurnýjaður með stjórn SFHR 2017-2018 og var bæði boðið upp á LÍN ráðgjöf á skrifstofu stúdentafélagsins og svör við hinum og þessum spurningum á kaffihádegum. SFHR stjórn 2018-2019 hélt kaffihádegi ekki eins reglulega og fyrri stjórn en voru hins vegar til staðar til að svara spurningum í gegnum samfélagsmiðla, s.s. Facebook, sem við vorum dugleg að auglýsa á.

Stjórnin hélt uppi rafrænni málaskrá og sá Ketill Antoníus Ágústsson, hagsmunafulltrúi SFHR að skrá öll mál og skila síðan skýrslu í log starfsárs til LÍN er töluvert margar fyrirspurnir komu inn á borð til okkar.

Heimkaup

Ánægjulegt samstarf við Heimkaup hefur verið síðan vorið 2017 þar sem að Heimkaup greiðir SFHR fyrir auglýsingu rafbóka. Ákvörðun var tekin um að halda því samstarfi áfram á haustönn og einnig á vorönn. Á vorönn fannst okkur sanngjarnt að hækka greiðsluna og Heimkaup féllust á það.

Dominos

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Dominos haustönn 2018. Samningurinn var nýttur þannig að félagið bauð upp á fríar pítsur á viðburðum fyrir bæði nemendur og fyrir aðila í stjórnnum skólans.

Samfélagsmiðlar

Facebook

Stúdentafélagið var mjög virkt á Facebook en þetta skólaárið var félagið með um 2.800 fylgjendur. Lögð var mikil áhersla að allar upplýsingar sem deildar voru á samfélagsmiðilinn væru bæðu á íslensku á ensku. Brynja Birgisdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR, átti stærsta hlutinn í framlagi félagsins á Facebook.

Instagram

Stúdentafélagið var mjög virkt á Instagram reikningi félagsins en það á aðalega við um Instagram Story. Þar voru viðburðir reglulega auglýstir. Stjórnin var virk að deila upplýsingum og tilboðum til nemenda. Fjöldi fylgjenda á Instagram er nú 349 en hægt er að bæta hann töluvert. Notendafn félagsins er studentafelagidsfhr.

Snapchat

Snapchat reikningur félagsins var óvirkur þetta skólaárið vegna fækkun notanda. Notendanafn félagsins er studentafelagid.

Heimasíða

SFHR setti sér markmið að halda vefsíðu SFHR gangandi en hún var síðast uppfærð starfsárið 2016-2017. Upplýsingar voru uppfærðar jafnóðum en kominn er tími á nýja uppfærslu. Á síðunni, www.sfhr.is má finna allar upplýsingar um SFHR, nefndir, félög og samstarfsaðila svo fátt eitt sé nefnt.

Tölvupóstur

Tölvupóstur var notaður til að ná til nemenda með mikilvæg mál og var allt efni bæði á íslensku og ensku. SFHR fær reglulega fyrirspurnir í gegnum tölvupóst frá nemendum um alls kyns málefni. Í ljósi nýrra persónuverndarlaga hefur SFHR ekki rétt á að senda auglýsingar á nemendur án þeirra samþykkis og voru því aðeins málefni frá skólanum, SFHR og nemendafélögum deilt á nemendur.

Önnur verkefni

SíminnPay nemendakort

SFHR gerði samning við Síminn Pay sem komu upp rafrænum nemendakortum í Síminn Pay appinu. Þar geta nemendur skoðað alla afslætti sem þeir fá í gegnum SFHR. Samstarfið við Síminn Pay var mjög ánægjulegt og átti stjórnin í góðum samskiptum við þau. Boðið var uppá að borga með SíminnPay appinu á árshátíð HR og voru margir nemendur sem nýttu sér þann kost.

Innleiðing Prófnúmera í allar deildir

Prófnúmer eru notuð í sálfræði- og lögfræðideild skólans á bachelor sviði. Það var markmið stjórnar að innleiðing á prófnúmerum færi fram í öllum deildum skólans til að gæta hlutleysis við námsmat. Var málið tekið upp á fyrsta framkvæmdastjórnarfundum SFHR og var það samþykkt einróma. Í kjölfarið var málið borið upp af Eygló Maríu, formanni SFHR, á framkvæmdastjórnarfundum HR þar sem það var einnig samþykkt. Innleiðing á prófnúmerum hefst formlega á haustönn 2019.

Hugmyndakassi

Þetta árið hélt Stúdentafélagið áfram að nota hugmynda kassann eins og fyrrum stjórnir. Þar geta nemendur komið nafnlausum hugmyndum og ábendingum á framfæri. Í kassanum bárust margar góðar hugmyndir og fór stjórnin yfir hverja og eina. Þær hugmyndir sem hægt var að koma í verk voru valdar og voru þær ræddar á fundum með rector, Ingunni (titill) og viðeigandi aðilum. Margar ábendingar komu um vöntun á þrif innan skólans og þá aðallega inni á baðherbergjum. Voru þær samstundis áframsent á framkvæmdasvið skólans. Hugmyndakassinn fór upp að hádegisbili á mánudögum og var þá SFHR á staðnum að bjóða nemendum uppá kaffi og taka við fyrirspurnum um félagið en einnig allar spurningar hvað varðar skólann og LÍN. Hugmyndakassinn var skilinn eftir í Sólinni í eina viku í senn og kassinn tæmdur á mánudagsfundum stjórnar í lok vikunnar.

Aðstaða á bókasafni

SFHR fékk ábendingu í gegnum Hugmyndakassann að ekki væri aðstaða í skólanum fyrir aðila með bakveiki. Ábendingin átti sérstaklega við um standandi lærdómsaðstöðu og fór því stjórnin í samstarfi við Ingunni (titill) að setja upp slíka aðstöðu.

Kosningar og Kjörstjórn

Kosningar í embætti stjórnar SFHR, aðildarfélaga og í ritstjórn Háskólablaðsins Hróðurs fóru fram 13. - 16. mars 2017. Úrslit voru kynnt í stofu M101 fimmtudagskvöldið 16. mars kl 19:00.

Kjörstjórn árið 2016-2017 skipuðu:

- Ketill Antoníus Ágústsson (SFHR), ketill16@ru.is
 - Guðný Björg Barkardóttir (SFHR), gudnyb16@ru.is
- Telma Bergmann Jónsdóttir (Mentes), telmaj15@ru.is
- Tómas Kolbeinn Georgsson (Pragma), tomasg17@ru.is
 - Sagði af sér sæti fyrir aukakosningar
- Ólafur Freyr Ólafsson (Markaðsráð), olafuro15@ru.is
- Guðrún Margrét Ívansdóttir (Tvíund), gudruni17@ru.com
- Hólfriður K. Kjartansdóttir (Lögrétta), holmfridur16@ru.is
- Ekki sat neinn aðili í kjörstjórn fyrir hönd Atlas

Kærunefnd árið 2018-2019 skipuðu:

- María Ellen Steingrímsdóttir
- Sigurbjörg Ósk
- Arnar Gauti

Atlas

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Kristín María Reynisdóttir: 100%
Ritari	Inigbjörg Lúcia Ragnarsdóttir: 100%
Gjaldkeri	Baldur Búi Heimisson 97,30%, auð atkvæði: 2,7%
Skemmtanastjóri	Kristján Valur Jóhannsson 97,3%, auð atkvæði : 2,7%
Varaformaður	Aleksandra Agata Knasiak: 100%

Lögrétta

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Unnur Stefánsdóttir: 100%
Framkvæmdastjórn Lögfræðipjónustu	Gunnar Sær Ragnarsson, Bergþóra Friðriksdóttir, Lilja Kristjánsdóttir: 100%
Málfundafélag	Sigurbjörg, Björn, Birkir og Silja: 100%
Varaformaður	Berta Snædal: 67,80, Sigurður Ólafur Kjartansson: 32,2%
Gjaldkeri	Aðalheiður Maggý Pétursdóttir: 100%

Skemmtinefnd	Ingibjörg, Helga og Karen: 100%
--------------	---------------------------------

Markaðsráð

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Iðunn Getz Jóhannsdóttir: 88,6%, auð atkvæði: 11,4%
Formaður Hagfræðifélagsins	Kolfinna Birkisdóttir: 92,2%, auð atkvæði 7,8%
Gjaldkeri	Daria Oszkinis: 89,2%, auð atkvæði: 10,8%
Nemendaskólafulltrúi	Gísli Þór Gunnarsson: 98,4% , auð atkvæði: 1,6%
Skemmtanastjóri	Kristín Filippía Stefánsdóttir: 89,1, auð atkvæði:10,9%
Varaformaður	Atli Snær Jóhannsson: 92,9%, auð atkvæði 7,10%

Pragma

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Ingibjörg Aldís Hilmissdóttir: 76,20%, auð atkvæði 23,8%
Fulltrúi í skemmtinefnd	Sigurður Heiðar Pétursson: 83,9%, auð atkvæði 16,10%
Fulltrúi í skemmtinefnd	Inga Kristín: 84,4%, auð atkvæði 15,6%
Varaformaður/Ritari	Gunnlaug Margrét Ólafsdóttir:78,6%, auð atkvæði 21,4%

Tvíund

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Sólrún Ásta Björnsdóttir:92,6%, auð atkvæði 7,4%
Gjaldkeri	Róbert Elís Villalobos: 91,5%, auð atkvæði 8,5%
Hagsmunafulltrúi	Arnþór Lúðvíksson: 45,7%, Lilja Ýr Guðmundsdóttir: 43,5%, auð atkvæði:10,8%
Skemmtanastjóri	Alexandra Diljá Birkisdóttir:92,4%, auð atkvæði 7,6%
Upplýsingafulltrúi	Arna Rut Arnarsdóttir:90,2%, auð atkvæði 9,8%

Mentes:

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Selma Rós Axelsdóttir: 86,88%, auð atkvæði 13.12%
Varaformaður	Hanna Margrét Heimisdóttir: 90,16%, auð atkvæði 9,84%
Gjaldkeri	Unnur Kaldalóns Sigurðardóttir: 80,32%, auð atkvæði: 19,68%
Ritari	Helga Hrund Halldórsdóttir: 80,32%, auð atkvæði 19,68%

SFHR

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Leó Snær Emilsson,82,10%, auð atkvæði 17,9%
Varaformaður	Tómas Kolbeinn Georgsson: 41,8%, Lilja Benbouabdellah: 21,4%, Fanney Þóra Rúnarsdóttir: 15,9%, skilað auðu: 20,9%
Hagsmunafulltrúi	Guðlaugur Þór Gunnarsson: 37,6%, Annie Marín Vestfjörð Guðmundsdóttir: 35,4%, skilað auðu: 27,1%
Gjaldkeri	Alexander Guðmundsson:52,1%, Vignir Gísli Eiríksson:12,6%, Marinella R. Sigðurðardóttir:27.5%, skilað auðu: 7,8%
Upplýsingafulltrúi	Júlía Ingadóttir: 59,5%, Sigríður Elín Vilbergsdóttir: 27%, skilað auðu: 13,5%

Háskólablaðið

Engin framboð bárust í ritstjórn Hróðurs.